



## Jólasöfnun Fjölskylduhjálpar Íslands 2015

Við viljum bjóða þér að taka þátt í starfi Fjölskylduhjálpar Íslands **með frjálsu framlagi** og stuðla þannig að því að Fjölskylduhjálpar Íslands geti áfram hlúð að skjólstæðingum sínum eins og samtökin hafa gert s.l. 12 ár.

Fjölskylduhjálpar Íslands, sem var stofnuð í september 2003, er stærst mannúðarsamtaka á Íslandi í matarúthlutun en með minnstu fjármunina til ráðstöfunar, en á síðustu 12 mánuðum hefur FÍ úthlutað um 25.000 matargjöfum.

**Ljóst er að samtökin munu eiga mjög erfitt með að anna þeim mikla fjölda sem mun sækja um jólaaðstoð fyrir jólin 2015.**

FÍ greiðir fyrir 70% af öllum þeim matvælum sem samtökin úthluta og staðgreiðir öll vörukaup. FÍ aðstoðar íbúa í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Álftanesi, Hafnarfirði, Mosfellsbæ, Seltjarnnesi, á Suðurnesjum, Akranesi, Borgarnesi, Hveragerði, Selfossi og Hvolsvelli auk annarra svæða á landsbyggðinni. Hver matargjöf er frá tveimur upp í sjö haldapoka eftir stærð fjölskyldna og eru um 5.000 fjölskyldur á skrá.

Fjölskylduhjálpar Íslands veitir alla virka daga neyðaraðstoð (mataraðstoð) í lðufelli 14 í Reykjavík, en starfsemin flutti þangað úr Eskihlíð 5. júní 2013. Einnig er neyðaraðstoð alla virka daga að Baldursgötu 14 í Reykjanesbæ. Fjórar stórar matarúthlutanir eru í hverjum mánuði. Þá er úthlutað fatnaði á börn og fullorðna eftir þörfum, búsaðöldum og notuðum leikföngum. Nýjamarkaður með notaðan og nýjan fatnað og gjafavörur er opinn alla virka daga frá kl. 13 til 18 í Reykjavík, Kópavogi, Selfossi og í Reykjanesbæ. Opnaður var jólamarkaður í lok október að Reykjavíkurvegi 66 í Hafnarfirði en Íslandsbanki lánar húsnæðið í rúma þrjá mánuði endurgjaldslaust. FÍ hjálpar einnig til við að leysa út lyf fyrir skjólstæðinga. Þrír hárskerar koma og snyrta skjólstæðinga FÍ endurgjaldslaust alla miðvikudaga í lðufellinu. Á síðustu 12 mánuðum hafa 700 einstaklingar notið slíkrar þjónustu.

**Með hugsjónina að vopni, mikla eljusemi og aðstoð góðra manna hefur tekist frá árinu 2003 að gera Fjölskylduhjálpar Íslands að því sem hún er í dag. FÍ eru hjálparsamtök, (nonprofit) sem byggja á sjálfböðastarfi og hafa að leiðarljósi að hjálpa þeim sem minna mega sín.**

Skjólstæðingar samtakanna eru öryrkjar, einstæðir foreldrar, fjölskyldur með lágar tekjur, eldri borgarar, fólk án atvinnu og heimilislaust fólk. 60 sjálfböðaliðar halda uppi starfi Fjölskylduhjálpar Íslands allt árið um kring.

Þegar allar dyr eru lokaðar fyrir þá sem minna mega sín eru dyr FÍ alltaf opnar og símsvörun alla daga.

**Bókhald félagsins hefur verið opið almenningi frá upphafi og er það líklega einsdæmi á meðal líknarfélaga hér á landi. Heimasíðan er: [www.fjolskylduhjalp.is](http://www.fjolskylduhjalp.is)**

Með von um jákvæðar undirtektir,

Fjölskylduhjálpar Íslands.